

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 frá 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

8. gr. laganna orðist svo:

1. gr.

Nú fær héraðsdómari áreiðanlega vitneskju um, að ágreiningur, er hann telur máli skipta, sé um landamerki eða ítak, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður dómari þá aðila þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annað hvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðilar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal dómari leita sátta með aðilum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt.

Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður dómismálaráðherra, í hvort þeirra skuli farið með málið.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ef sáttatilraun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal héraðsdómari þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðilar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með héraðsdómara, er stýrir dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá héraðsdómari gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi viki úr dómsæti, eftir að dómruðning hefur farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal héraðsdómari þá nefna 3 menn í hans stað í dóm, enda fer um ruðning sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því, svo fljótt sem unnt er.

Hverjum manni, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sér ráðandi, heill og hraustur, er skylt að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslunarmanna.

Kaup og ferðakostnaður dómenda í merkjadómi greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.